

# Áreiðanleikakannanir

## „Ástandsskoðun“ fyrir stjórnendur

Svokallaðar áreiðanleikakannanir (e. Due Diligence) hafa lengi verið mikilvægur hluti viðskipta tengdum fyrir-tækjum til að draga úr áhættu þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Áreiðanleikakönnunum er ætlað að varpa ljósi á raunaðstæður í sambandi við ýmsa gerninga þar sem skoðunar- og upplýsingarskylda hvílir á málsaðilum. Í fullkomnum heimi liggja allar upplýsingar uppi á yfirborðinu en með áreiðanleikakönnun er kafað dýpra og leitað að upplýsingum sem breytt geta skoðunum manna og ákvörðunum þeirra jafnhliða því að sannreyna þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fram.

Hér á landi hafa áreiðanleikakannanir einkum falist í því að sannreyna forsendur þegar „mikið liggur við“ í viðskiptum með hlutabréf og þá oft í tengslum við yfirtökur, samruna, hlutafjár aukningar og útboð. Það má þó tilgreina fleiri ástæður fyrir framkvæmd áreiðanleikakannana og benda á möguleika fyrir hagnýta notkun áreiðanleikakannana í aðstæðum tengdum íslensku viðskiptaumhverfi.

Umfang áreiðanleikakönnunar er ákvarðað af vilja, væntingum og þörfum málsaðila og getur könnunin verið bæði án takmarkana þar sem allir þættir eru skoðaðir eða takmörkuð þar sem fyrirfram ákveðnir þættir eru skoðaðir.

### ÁREIÐANLEIKAKANNANIR

Dæmi um þætti sem könnun getur náð til:

- Fjárhagur
- Skattar
- Framleiðsluferlar
- Virkni fjármálaferla
- Áætlanagerð og -módel
- Upplýsingakerfi
- Samlegðaráhrif
- Markaðslegt umhverfi
- Stjórnun
- Lögfræðilegt umhverfi
- Efnahagsumhverfi

Vönduð áreiðanleikakönnun getur breytt landslagi varðandi viðskipti og mögulega niðurstöðu þeirra:


- **Áhætta** – Lágmarkun óvissuþátta og greining veikleika er nauðsynleg áhættustjórnun í viðskiptum og stjórnun fyrirtækja.
- **Trúverðugleiki** – Með framkvæmd vandaðrar áreiðanleikakönnunnar eykst trúverðugleikinn á þeim gjörningi sem um ræðir og málsaðilar taka ákvarðanir sínar á traustari grunni.
- **Þekking** – Vönduð og vel kynnt áreiðanleikakönnun leiðir til aukinnar þekkingar og innsýnar sem getur veitt stjórnendum forskot til framtíðar.
- **Samningsstaða** – Traust áreiðanleikakönnun getur bætt samningsstöðu í viðskiptum og lágmarkað hættu á að málsaðilar fari halloka úr viðskiptum.

Þannig gæti vönduð áreiðanleikakönnun leitt í ljós atriði sem styrkja vilja aðila til að klára samningaviðræður eða þá leitt í ljós forsendubresti fyrir áframhaldandi samningaviðræðum. Ef viðskipti eru háð samþykki hóps manna, til dæmis hluthafahóps, gæti vönduð áreiðanleikakönnun leitt til meira trausts og meiri trúverðugleika á þeim upplýsingum sem ákvörðun er byggð á.

## „Ástandsskoðun“ fyrir stjórnendur

Í viðskiptum hvílir rík skoðunarskylda á hagsmunaaðilum, hvort sem þeir eru kaupendur, lánveitendur eða seljendur en auðveldlega má leiða rök að því að fleiri aðilar hafi hag af könnun á aðstæðum fyrirtækja. Áreiðanleikakannanir geta nýst öllum þeim sem hagsmuna hafa að gæta og/eða ábyrgðbera og má þar nefna sem dæmi kjörnastjórnarmenn og aðra aðila sem bera ábyrgð á rekstri og gjörningum fyrirtækja dag frá degi. Frá byrjun skipunartímans bera þessir aðilar ábyrgð á stöðu fyrirtækja þar sem atburðir í fortíð geta hæglega haft afleiðingar til framtíðar. Þessir aðilar ættu því að hafa heimild til reglulegrar könnunar á aðstæðum og það jafnvel áður en tekið er við keflinu. Svona skemmri „ástandsskoðun“ gæti nýst sérhverjum þeim sem kemur að rekstri fyrirtækis, hvort sem ástæðan er að draga úr áhættu eða auka þekkingu og þar með afla sér forskots.

Stjórn fyrirtækis gæti notið góðs af reglulegri „ástandsskoðun“ þar sem áherslan liggur á að upplýsa um aðra þætti en endurskoðun ársreiknings tekur til. Slík könnun gæti verið sérsniðin að þeim áhættuþáttum sem stjórnendur vilja láta skoða hverju sinni, hvort sem það tengist umhverfi, ferlum eða stöðu félagsins. Könnunin



gæti leitt í ljós upplýsingar sem nýtast stjórnendum og/eða stjórn félags í ákvörðunum sem tengjast daglegum rekstri eða stefnumótun til framtíðar. Sem dæmi má nefna að áreiðanleikakönnun gæti verið til þess fallin að sannreyna á ítarlegan hátt áætlanir félags og forsendur þeirra. Önnur dæmi má nefna sem öll leiða að því að afla stjórnendum forskots á einhvern hátt.

---

## Stjórn fyrirtækis gæti notið góðs af reglulegri „ástandsskoðun“ þar sem áherslan liggur á að upplýsa um aðra þætti en endurskoðun ársreiknings tekur til.

---

### Hvað þarf til?

Ítarleg prófun ferla og yfirferð gagna er óaðskiljanlegur hluti vandaðrar áreiðanleikakönnunar. Hafa verður þó í huga að kanna réttu hlutina í réttu samhengi og á réttan hátt. Á margan hátt er þægilegast að kafa ofan í þær upplýsingar sem settar eru fram og leggja mesta áherslu á að sannreyna þær. Við þær aðstæður getur of mikill hluti tímans við áreiðanleikakönnun farið í að leita að skekkjum sem breyta litlu í heildarmyndinni og hafa á endanum lítil áhrif á ákvarðanir manna. Því gildir að forgangsraða rétt við framkvæmd könnunar og beita skilvirkum greiningaraðgerðum til að leiða í ljós þau atriði sem þurfa ítarlega skoðun.

---

## Svona skemmri „ástandsskoðun“ gæti nýst sérhverjum þeim sem kemur að rekstri fyrirtækis, hvort sem ástæðan er að draga úr áhættu eða auka þekkingu og þar með afla sér forskots.

---

Að sjálfsögðu er hægt að segja að margar smáar skekkjur sem koma upp við ítarlega skoðun á bókhaldi gefi vísbendingar um gæði og nákvæmni framsettra upplýsinga en áhersla á að vera lögð á að greina orsakir skekkjana. Því má ekki gleyma að vandaðri áreiðanleikakönnun er ætlað að upplýsa um raunaðstæður fyrirtækja og í því skyni þarf að líta á fleira heldur en afstemmingar á bókhaldi. Tilgangurinn er að leiða í ljós upplýsingar sem breytir eða treystir grundvöllinn sem ákvörðun er byggð á.

Algengt er að fjárhagslegar áreiðanleikakannanir séu unnar útfrá síðasta uppgjöri fyrirtækis sem oftast er ekki er endurskoðað uppgjör. Jafnhliða því að veita óháða staðfestingu á upplýsingum úr ársreikningnum er áreiðanleikakönnun ætlað að kafa dýpra og svara þeim spurningum sem endurskoðaður ársreikningur svarar ekki.

Þjálfaðir sérfræðingar sem hafa mikla innsýn inn í rekstrarumhverfi fyrirtækja og reynslu af framkvæmd áreiðanleikakannana eru nauðsynlegir til að tryggja vandaða útkomu. Skipuleg söfnun gagna, gott utanumhald þeirra og greining gagna er einnig mikilvægur þáttur og því gildir að hafa innan sinna raða fjölbreyttar lausnir sem auðveldar og flýttir framkvæmd kannana. Við framkvæmd áreiðanleikakönnunar ber ætíð að hafa í huga stóru myndina og regluna um orsakir og afleiðingar en ekki eingöngu að fara eftir fyrirfram ákveðnum tékklistum. Vönduð áreiðanleikakönnun varpar traustara og jafnvel nýju ljósi á staðreyndir málsins. Útkoman þarf að vera safn rökréttra upplýsinga með réttum áherslum, upplýsingar sem veita málsaðilum grundvöll til að taka rétt skref í þá átt sem mestan ávinning gefur.



**Birgir Karl Óskarsson**  
Ráðgjafi  
birgir.k.oskarsson@capacent.is

---

Birgir Karl Óskarsson er fjármálaráðgjafi hjá Capacent. Sérsvið hans eru ráðgjöf varðandi reikningsskil og skatta, verðmöt, áætlanagerð og áreiðanleikakannanir. Birgir Karl er löggiltur endurskoðandi og starfaði áður sem endurskoðandi hjá KPMG. Einnig hefur hann starfað fyrir dótturfélög Icelandair Group og sem sjálfstæður uppgjörsaðili og endurskoðandi.